

HPE-2016-07 Þurrkun náttúruafurða

Umsækjandi er Hrísið ehf. Hrísið var stofnuð í kringum amboðaframleiðslu árið 2004. Stofnendur eru Bjarni Thorarensen og Sigríður Magnúsdóttir. Í Hrísið eru framleiddar hrífur af öllum gerðum og stærðum, sláttuorf og ýmis konar handverk. Þar er einnig unnin hvönn. Hrísið fékk nýlega vottun frá vottunarstofunni Tún fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu við vinnslu náttúrulegra afurða. Árið 2007 hófst samstarf við Saga Medica um tilraunavinnslu á hvönn í Hrísey. Sumarið 2010 var fjárfest í þurrkgámi til að setja upp tilraunaframleiðslulínu, hann innréttaður ásamt vinnslurými og við það jókst framleiðslan til muna. Árið 2012 hófst sala á þurruðum afurðum undir merkjum fyrirtækisins og unnið er að því að fullvinna afurðina meira undir nafni Hrísiðnar. Sótt er um styrk til að ljúka tilraunaverkefni sem fól í sér helmings stækkun þurrkunar en ekki fékkst nægilegt fjármagn til að klára það. Um er að ræða frumhönnun og smíði á sérhæfðum tækjum sem ekki er hægt að kaupða á markaði. Grunnforsenda áframhaldandi þróunar þessara verkefna er að klára smíði á tækjum til þurrkunarinnar og útfæra tæknilegar lausnir þar sem heitt vatn er notað sem varmagjafi en ekki rafmagn eða jarðefnaeldsneyti. Þessi starfsemi hefur verið mjög atvinnuskapandi og mun sá þáttur eflast enn frekar með þessu verkefni. Verkefni Hrísiðnar falla mjög vel að markmiðum byggðaverkefnisins á allan hátt. Verkefnið nýtir sér sérstöðu Hríseyjar, nýtir náttúruafurðir eyjarinnar og er atvinnuskapandi.

Verkefninu var úthlutað 1.000.000 kr.- árið 2016.